# Skilablað – Húsnæðismál Farsýslunnar og Vegagerðarinnar

## Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: **„Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“.** Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **„skilagrein“** eða **„skilablað“** til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguhúsnæði (leiguverkefni).

## 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar húsnæðismál Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar Íslands, Umferðarstofu og Siglingastofnunar. Þessar stofnanir urðu að tveimur stofnunum þann 1. júlí 2013, það er nýrri Samgöngustofu og breyttri Vegagerð.

Verkbeiðni barst frá innanríkisráðuneyti í febrúar 2013.

Verkefnastjórar frá Framkvæmdasýslu ríkisins voru Róbert Jónsson, auk Gíslínu Guðmundsdóttur.

## 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir þessar tvær stofnanir, það er nýja Samgöngustofu og breytta Vegagerð.

Staðsetning verkefnis var hjá innanríkisráðuneyti.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

## 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0070.

## 4 Framvinda

Unnin var þarfagreining, húsrýmisáætlun og frumathugun fyrir Samgöngustofu.

Niðurstaða greiningarinnar var að nauðsynleg stærð húsnæðis fyrir Samgöngustofu væri um 3.500 $m^2$.

Þá var hugsanleg rýmisþörf breyttrar Vegagerðar skoðuð og fundað með hagsmunaaðilum.

## 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var færður yfir á verknúmer 633 0074 og 633 0075 og eru því 0 kr. á verknúmeri 633 0070.

## 6 Niðurstaða verkefnis

Í október 2013 var verknúmerinu 633 0070 skipt upp í tvö ný verknúmer, það er 633 0074, sem hafði eingöngu með málefni nýrrar Samgöngustofu að gera, og 633 0075 sem hafði með málefni breyttrar Vegagerðar að gera. Þar með lauk notkun á verknúmeri 633 0070.

## 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

## 8 Verklok

Verknúmerinu 633 0070 var skipt upp í tvö ný verknúmer, það er verknúmer 633 0074, sem tilheyrir nýrri Samgöngustofu, og 633 0075 sem tilheyrir breyttri Vegagerð. Það voru því engin eiginleg verklok fyrir verknúmer 633 0070.

## 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri

Róbert Jónsson verkefnastjóri